

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Valla 6. áfanga, Hafravellir nr. 14-16.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar, á fundi sínum þann 25. október 2006, breytingu á deiliskipulagi Valla 6. áfanga, Hafravellir nr. 14-16 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur á lóðunum nr. 14-16, við Hafravelli breytist. Fjarlægð frá byggingarreit í lóðarmörk var 8,5 m. en verður 4 m. Byggingarreitur á hvorri lóð stækkar um 41,3 m². Farið var með deiliskipulagið skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og það yfirfarið af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 17. nóvember 2006,

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 8. desember 2006